

Nefndasvið Alþingis,
Umhverfisnefnd,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Reykjavík 14. janúar 2003

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um verndun hafs og stranda, 240. mál.

Frumvarpið, verði það að lögum, hefur að geyma heildarlög sem eiga að leysa af hólmi eldri lög, nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar. Markmiðið er að hafa í einni löggjöf ákvæði um varnir gegn hverskyns mengun bæði hvað varðar hafið umhverfis landið og strendur þess. Frumvarpið kveður á um skýrari ákvæði hvað varðar skyldur og ábyrgð þeirra sem skyldum hafa að gegna í þessum málaflokki.

Einnig er að finna í frumvarpinu skýringar á ýmsum orðum og orðasamböndum sem koma við sögu í þessu sambandi. Frumvarpið gerir einnig ráð fyrir aukinni ábyrgð þeirra sem valda svo mikilli bráðamengun að tjón hlýst af. Einnig er kveðið á um skyldu þeirra sem eru í áhættustarfsemi af þessu tagi til að tryggja sig fyrir skaða sem hlotist getur af bráðamengun.

Í 3. gr. 7. tl. Kemur eftirfarandi orðskýring fram:

“Kjölvatn: Vatn, ásamt uppleysanlegum efnum og gruggi, sem er tekið um borð í skip í því skyni að stjórna styrk, halla, kjölrístu, stöðugleika eða álagi skips”.

Hér er greinilega misskilningur á ferð samanber skýringu á orðinu kjalsog á bls.776 og orðinu kjölvatn á bls. 779 í þriðju útgáfu Íslensku orðabókarinnar undir ritstjórn Marðar Árnasonar. Kjölvatn merkir það vatn sem safnast í kjalsog skipa sem var á árum áður dælt beint fyrir borð en með nútímatækni í gegnum skilju sem skilur frá olíu áður en kjölvatnið blandast sjónum. Líklegt er að í stað kjölvatns eigi að standa orðið **kjölfesta**.

Sama á við, að okkar mati, um ranga notkun á orðinu kjölvatn í m lið 6.gr. en þar segir:

“Takmörkun eða bann við losun kjölvatns frá öðrum hafsvæðum til að koma í veg fyrir að framandi lífverur berist til landsins”.

Hér á að okkar mati að vera orðið kjölfesta í stað kjölvatns.

Í 6. gr. eru talin upp þau efnisatriði sem skýra þarf frekar með reglugerðum. Þar er að finna a.m.k. eftirfarandi atriði sem koma beint inná störf vélfjóra og vélfraeðinga um borð í skipum:

a. losun oliu og oliublandaðs vatns í hafið frá skipum utan þriggja sjómílna frá grunnlínu landhelginnar, þar með talið á sérhafsvæðum, svo og frá pöllum og öðrum mannvirkjum í mengunarlögsögu Íslands utan þriggja sjómílna frá grunnlínu landhelginnar,

Fagmenn til sjós og lands!

d. búnað skipa, palla, annarra mannvirkja á hafi úti og fyrirtækja í landi til varnar gegn mengun hafs og stranda af völdum olíu og um eftirlit með þessum búnaði,

e. söfnun og eyðingu úrgangsolíu, þar á meðal móttöku oliuúrgangs frá skipum í höfnum,

f. takmörkun eða bann við losun lýsis og grútar,

g. flokkun fljótandi efna sem flutt eru í fargeymum skipa til eða frá íslenskum höfnum, svo og um takmörkun á losun þeirra efna, sem hættuleg eru talin, í hafið utan þriggja sjó mílna frá grunnlínu landhelginnar,

i. losun á skolpi í hafið frá skipum, pöllum og öðrum mannvirkjum á hafi úti,


j. meðferð og losun sorps frá skipum á hafsvæði utan þriggja sjómílna frá grunnlínu land helginnar,

l. móttökuaðstöðu fyrir skolp frá skipum og annan úrgang sem ekki er talinn upp hér að framan og eyðingu þess,

o. varp efna í hafið,

m. takmörkun eða bann við losun kjölvatns frá öðrum hafsvæðum til að koma í veg fyrir að framandi lífverur berist til landsins,

Í framhaldinu væntum við þess að viðkomandi ráðuneyti hafi samstarf við félagið þegar efnisákvæði viðkomandi reglugerða verða ákveðin. Að öðru leyti er það mat félagsins að hér sé á ferðinni frumvarp, sem ef að lögum verður, muni geta stuðlað að bættri umgengni um hafið umhverfis landið og strendur þess eins og að er stefnt.

Vinðingarfylst,
f.h. Vælstjórafélags Íslands


Helgi Laxdal, formaður